

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 101/2011**

2011/EES/65/08

frá 30. september 2011

**um breytingu á XI. viðauka (Rafræn fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun og
upplýsingasamfélagið) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEDANGREINDA ÁKVÖRDUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 79/2011 frá 1. júlí 2011 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/146/ESB frá 5. mars 2010 samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB, um fullnægjandi vernd færeyskra laga um vinnslu persónuupplýsinga ⁽²⁾.

ÁKVÖRDUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 5ek (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/393/EB) í XI. viðauka við samninginn:

„5el. **32010 D 0146**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/146/ESB frá 5. mars 2010 samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB, um fullnægjandi vernd færeyskra laga um vinnslu persónuupplýsinga (Stjtið. ESB L 58, 9.3.2010, bls. 17).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2010/146/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. október 2011, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 30. september 2011.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Kurt Jäger

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 262, 6.10.2011, bls. 50, og EES-viðbætur nr. 54, 6.10.2011, bls. 63.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 58, 9.3.2010, bls. 17.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.